

# Auglýst eftir framboðum til stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins

Óskað er eftir framboðum til stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins. Stjórnarkjör fer fram með rafrænum hætti.

- Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal stjórn skipuð þremur konum og þremur körlum og þriggja manna varastjórn skal skipuð minnst einum karli og einni konu.
- Kjörtímabili tveggja karla í aðalstjórn og eins karls í varastjórn rennur út á ársfundinum. Eingöngu karlar geta boðið sig fram í aðalstjórn en bæði karlar og konur í varastjórn.
- Allir sjóðfélagar geta boðið sig fram til stjórnar en nánari hæfisskilyrði er að finna í 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Framboðsfrestur er til kl. 23:59 þann **24. febrúar 2022**. Framboð verða að berast kjörnefnd fyrir lok framboðsfrests til þess að teljast lögleg. Hægt er að senda framboð á netfangið **kjornefnd@almenni.is**

*Kjörnefnd Almenna lífeyrissjóðsins, 10. febrúar 2022*

*Í kjörnefnd sitja Ólafur H. Jónsson, Ingvar Júlíus Baldursson og Lára V. Júlíusdóttir*

## Nánar um framboð:

- Með framboðum skulu fylgja helstu upplýsingar um frambjóðanda, s.s. nafn, kennitala, netfang, sími og heimilisfang
- Taka skal fram hvort framboð er aðeins til aðalmanns, aðeins til varamanns eða aðalmanns og varamanns til vara
- Lögmætum frambjóðendum verður boðið að kynna sig á vef sjóðsins

Nánar á:  
**www.almenni.is**



**ALMENNI**  
LÍFEYRISSJÓÐURINN